

Miðvikudaginn 15. maí 1996.

Nr. 183/1996.

**Erla Sampica Bjarnadóttir**

(Þórólfur Beck hrl.)

gegn

**Ástríði Ólafsdóttur og**

**Jóhannesi Ólafssyni**

(Árni Grétar Finnsson hrl.)

Kærumál. Opinber skipti dánarbús. Málskostnaðartrygging.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 26. apríl 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 13. maí sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. apríl 1996, þar sem sóknaraðila var gert að setja málskostnaðartryggingu í tengslum við beiðni um opinber skipti á dánarbúi Kristbjargar Jónsdóttur, sem varnaraðilar hafa mótmælt, að nái fram að ganga. Kæruheimild er í 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl., sbr. o-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess aðallega, að kröfu varnaraðila um málskostnaðartryggingu verði hafnað, en til vara, að fjárhæð tryggingarinnar verði lækkuð frá því, sem ákveðið er í hinum kærða úrskurði, og að frestur til að setja hana hefjist við uppkvaðningu dóms Hæstaréttar í málinu. Í báðum tilvikum krefst sóknaraðili málskostnaðar sameiginlega úr hendi varnaraðila.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur með þeirri breytingu, að frestur sóknaraðila til að setja málskostnaðartryggingu samkvæmt ákvörðun héraðsdóms telst frá uppsögu þessa dóms.

Sóknaraðili verður dæmd til að greiða varnaraðilum kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

## D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur að öðru leyti en því, að frestur sóknaraðila, Erlu Sampica Bjarnadóttur, til að setja málskostnaðartryggingu telst frá uppsögu þessa dóms.

Sóknaraðili greiði varnaraðilum, Jóhannesi Ólafssyni og Ástríði Ólafsdóttur, hvoru um sig 20.000 krónur í kærumálskostnað.

**Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. apríl 1996.**

Ár 1996, fimmtudaginn 18. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Höllu Bachmann Ólafsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Á dómþingi 16. janúar sl. þingfesti Erla Sampica Bjarnadóttir, 020637-3159, til heimilis að 1898-RT-374, Ellenburg Depot, N. Y. 12935, Bandaríkjunum, kröfu um opinber skipti á dánarbúi Kristbjargar Jónsdóttur, fæddrar 22. febrúar 1859, dáinnar 1. júní 1947, síðast til heimilis að Grundarstíg 2, Reykjavík, en Kristbjörg var langamma Erlu.

Af hálfu Jóhannesar og Ástríðar Ólafsbarna, sem voru börn Ólafs Jóhannessonar, tengdasonar Kristbjargar af fyrra hjónabandi, er gerð krafa um málskostnaðartryggingu úr hendi Erlu Sampica Bjarnadóttur vegna kröfu hennar um opinber skipti á dánarbúi Kristbjargar Jónsdóttur að viðlagðri frávísun málsins. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi hennar vegna málf lutnings um þennan þátt málsins.

Bent er á það óhagræði, sem felst í því, ef málskostnaður fellur á aðila búsettan erlendis, þ. e. þann kostnað, sem felst í því að þurfa að höfða mál til að ná fram málskostnaði.

Vegna kröfu um málskostnaðartryggingu er vísað til alþjóðasamnings, Convention relation à la procedure a la civile, sem gerður var 1905, um rétt þegna til málshöfðunar í löndum, sem gerst hafa aðilar að samningnum, án þess að setja málskostnaðartryggingu. Bandaríkin hafi ekki staðfest samninginn og séu ekki aðilar að honum.

Erla Sampica Bjarnadóttir sé búsett í Bandaríkjunum og hafi verið það síðan 1960. Henni beri því að setja málskostnaðartryggingu samkvæmt a-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991, sé þess krafist af gagnaðila, svo sem gert hafi verið við þingfestingu málsins. Þess er krafist, að tryggingin verði 300.000 kr. í peningum.

Vísað er til úrskurðar borgardóms Reykjavíkur frá 29. júní 1989 í bæjar-

þingsmálinu nr. 19648: Soffía Benjamínsdóttir Polhemus f. h. dánarbús Steinunnar Sveinbjarnardóttur gegn Kristínu Benjamínsdóttur. Þá er vísað til dóms Hæstaréttar Íslands frá 1970, bls. 373.

Af hálfu Erlu Sampica Bjarnadóttur er þess krafist, að kröfu um málskostnaðartryggingu verði synjað. Til vara er þess krafist, að tryggingin verði sem lægst og nægilegur frestur veittur til þess að leggja hana fram.

Byggt er á því, að ákvæði a-liðar 1. tl. 133. gr. eml. gildi ekki við meðferð mála skv. lögum um skipti á dánarbúum o. fl. nr. 20/1991. Erla sé íslenskur ríkisborgari, búsett erlendis, en af orðalagi a-liðar 133. gr. eml. og greinargerðar megi ráða, að ákvæðinu hafi ekki verið ætlað að taka til íslenskra ríkisborgara erlendis. Annað hefði falið í sér mismunun.

Bent er á, að búi Kristbjargar hafi aldrei verið skipt og sóknaraðili sé einn erfingja. Engin gild efnisleg lagarök séu fyrir því, að kröfu um opinber skipti á búinu verði synjað. Því sé engin þörf á, að sóknaraðili setji málskostnaðartryggingu. Í málinu liggi frammi gögn, sem sýni, hvernig háttur sé á hafður í New York-ríki. Erlendir ríkisborgarar þurfi einungis að setja málskostnaðartryggingu að nafninu til. Þá vísar sóknaraðili til dóms Hæstaréttar Íslands frá árinu 1983, bls. 546.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að ákvæði einkamálalaga nr. 91/1991 eigi ekki við um mál, sem rekin séu samkvæmt lögum nr. 20/1991. Í 131. gr. laga nr. 20/1991 segir: „Héraðsdómari leysir úr málum samkvæmt lögum þessum með úrskurðum. . .

Að því leytí, sem annað leiðir ekki af ákvæðum þessara laga gilda almennar reglur um meðferð einkamála í héraði um meðferð mála samkvæmt þessum kafla.“ Samkvæmt þessu er ljóst, að ákvæði einkamálalaga gilda um mál, sem rekin eru eftir lögum nr. 20/1991, þar sem það á við.

Ljóst má vera, að það er höfuðtilgangur ákvæðis a-liðar 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 að tryggja, að varnaraðili í dómsmáli, sem lýkur með sýknu, hafi tryggingu fyrir því, að málskostnaður, sem honum kann að verða til dæmdur úr hendi sóknaraðila, sem búsettur er erlendis, fáiast greiddur, án þess að hann þurfi að lögþakka skuldarann fyrir erlendum dómstóli. Ákvæðið miðar við búsetu, en ekki ríkisfang.

Bandaríkjamenn hafa ekki gerst aðilar að samningi frá 1905, sem undanþiggur þegna þeirra landa, sem það hafa gert, skyldu til að leggja fram tryggingu.

Þegar litið er til þess, sem að framan er rakið, þykir rétt að fallast á sjónarmið varnaraðila með vísan til a-liðar 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 og ákveða, að sóknaraðili, Erla Sampica Bjarnadóttir, setji tryggingu, að fjárhæð 300.000 kr., í formi bankatryggingar eða annarrar sambærilegrar trygg-

ingar innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu úrskurðarins vegna þingfestingar kröfu hennar um opinber skipti á dánarbúi Kristbjargar Jónsdóttur, máls sóknaraðila á hendur varnaraðilum, Ástríði Ólafsdóttur og Jóhannesi Ólafssyni, ella verði máli þessu vísað frá dómi. Málskostnaður í þessum þætti málsins bíður endanlegs úrskurðar í málinu.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Sóknaraðili, Erla Sampica Bjarnadóttir, skal setja málskostnaðartryggingu, að fjárhæð 300.000 kr., í formi bankatryggingar eða annarrar sambærilegrar tryggingar innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu úrskurðarins vegna kröfu hennar um opinber skipti á dánarbúi Kristbjargar Jónsdóttur, máls sóknaraðila á hendur varnaraðilum, Ástríði Ólafsdóttur og Jóhannesi Ólafssyni, ella verði máli þessu vísað frá dómi.

Málskostnaður í þessum þætti málsins bíður endanlegs úrskurðar í málinu.

---